

## Mál nr. 87/2008

### M og Vátryggingafélagið X v/ bifreiðanna A og B

**Hurð opnuð í veg fyrir bifreið við bensínstöð við Hyrnuna Borgarbyggð þann 14.04. 2008**

#### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 14.05. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.05. 2008, ásamt fylgiskjölum.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Ágreiningur máls þessa snýst um hvort ökumaður A hafi opnað hurð bifreiðar sinnar í veg fyrir B eða hvort ökumaður B hafi ekið á opna hurð bifreiðar A. Vátryggingafélagð telur A beri ábyrgð á óhappi þessu fyrir að opna hurð á hægri frambretti B. M telur að B hafi ekið á opna hurð A.

#### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður framskýrsla lögreglu lögð til grundvallar við afgreiðslu máls þessa. Samkvæmt henni voru báðar bifreiðarnar kyrrstæðar við bensínstöðina go var B lagt til hliðar og aftan við A sem stóð við dælu. Síðan var B ekið af stað framhjá A “en í sama mund og B var ekið framhjá A opnaði ökumaður A bílstjórahurðina sem rakst í hægri framhorn B....” M gerði athugasemd við frásögn lögreglu af atburðinum eftirá.

#### Niðurstaða.

A ber ábyrgð á óhappi þessu fyrir að opna hurð bifreiðar sinnar í veg fyrir B.

Reykjavík 9. júní 2008

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.